

Hafnarfirði, 10. september 2024

Nýtt deiliskipulag fyrir Rauðamelsnámu

Í tillögunni felst afmörkun að 15,7 ha efnistökusvæði við Rauðamel sunnan Reykjanesbrautar. Gert er ráð fyrir 1,6 ha byggingarreit á svæðinu þar sem heimilt verði að reisa allt að 6 mannvirki, samtals 500m² að hámarki. Aðkoma verði um Barböruveg. Þegar efnistöku er lokið ber að ganga frá svæðinu þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 30.10.2023. Athugasemdir bárust. Umsagnir frá stofnunum bárust:

1. Náttúrufræðistofnun 30. október 2023.

Rauðamelsnáman er þar sem áður var forn gervígur sem Hrútagjárdyngjuhraun rann í kring um.

Sjálfur gervígurinn er löngu horfinn vegna efnistöku á rauðamöl, en það sem eftir er af mynduninni er samt sem áður áhugaverð og hluti af jarðsögu svæðisins. Við stækkun námunnar verður mikið óafturkræft rask á hrauni sem er undir sérstakri vernd og er þar að auki mjög svipfagurt gróið hraun, með áberandi rishólum, hraunbollum og sprungum sem setja mikinn svip á landslagið og hafa hátt verndargildi sem einstakar jarðmyndanir.

Hrútagjárdyngjuhraun og gervígur njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og Rauðmelsnáman er í nálægð við svæði á náttúruminjaskrá, Straumsvík og Fagrávík að Straumi.

Verðmæt náttúra svæðisins við Straumsvík og í Almenni, og sem m.a. er nú þegar að hluta undir vernd skv. ákvæðum náttúruverndarlaga, er undir töluverðu álagi vegna framkvæmda. Svæðið sem heild er mikilvægt útvistarsvæði framtíðar og hefur hátt verndargildi fyrir náttúru- og menningarminjar. Mikið rask hefur nú þegar verið á nútímahrauni í landi Hafnarfjarðarbæjar vegna margvíslegrar uppbygginga og framkvæmda. Á sama tíma hefur lítið verið verndað umfram það sem lágmarksverndun sérstakrar verndunar og skráning á C-hluta náttúruminjaskrár hefur fram að færa. Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur Hafnarfjarðarbæ til að hlífa svæðinu vestan við Kapelluhraun, þ.e. Straumsvík, Hraunum og Almenni, við frekara raski og vernda merkar náttúru- og menningarminjar svæðisins.

2. Vegagerðin 31. september 2023

Gerir engar athugasemdir.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs

Hafnarfjarðarbær í samvinnu við Hafnarfjarðarhöfn hefur hafið vinnu við umhverfismat stækkun Straumsvíkurhafnarinnar og efnistöku í Rauðamelsnámu. Þar mun m.a. koma fram ítarleg umfjöllun um áhrif á vatnshlot og jarðmyndanir, lífríki Straumsvíkur, tegund efnis í landfyllingar og uppruna þess.

Þar munu auk þess koma fram tillögur um mótvægisáðgerðir sem þarf að huga að, og verða hluti af leyfisveitingum. Hafnarfjarðarbær telur mikilvægt að ljúka við gerð skipulagsbreytinga sem hafa verið í kynningu að undanfögnu.

Engu að síður kann umhverfismat að leiða til breytinga á skipulagi þegar niðurstaða og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir um mat á umhverfisáhrifum fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar og efnistöku í Rauðamelsnámu, og Coda Terminal.

Þegar álitid liggur fyrir mun Hafnarfjarðarbær taka afstöðu til niðurstöðunnar og kann sú afstaða að leiða til breytinga á skipulagsáætlunum og hljóta þær þá málsmeðferð skv. skipulagslögum og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Varðandi brýna nauðsyn framkvæmda sem fjallað er um í skipulagsbreytingum telur Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn það óhjákvæmilegt að raska eldhrauni vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar. Í undirbúningi framkvæmdar hafa ólíkir valkostir um efnistökuastaði verið til skoðunar.

Af þeim námum sem skoðaðar voru þykir Rauðamelsnáma ákjósanlegust, meðal annars vegna hlutfalls stórgrýtis, nálægðar við framkvæmdasvæði og að verið sé að nýta gamla námu frekar en að opna nýja.

Aðrir kostir til efnistöku eru ekki ákjósanlegir sökum skorts á stórgrýti eða krefjast meira rasks til að sækja nauðsynlegt efni. Markmið framkvæmda felur í sér að stækka hafnarsvæðið í Straumsvík til að búa til rými til þess að unnt verði að byggja upp aðstöðu fyrir umhverfisvænan nýsköpunariðnað á svæðinu og telur Hafnarfjarðarbær að fyrir liggi skýrir hagsmunir til að auka atvinnumöguleika á svæðinu og nýsköpun.

Þar sem raska þarf eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd þá er framkvæmdin metin hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir. Sú niðurstaða liggur fyrir og ekki er talið að mat á umhverfisáhrifum myndi skila öðrum niðurstöðum.

Að öðru leiti skal hugað að því við útgáfu framkvæmdaleyfa að gerð verið krafa um frágangsaætlun við náttúruverndasvæði og að framkvæmdaaðili skili inn gögnum sem sýna þann frágang. Vakin er athygli á því að náttúruverndarsvæði í Straumsvík eru merkileg á heimsvísu.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

